

# Vatnakerfi Fljótavatns í Fljótavík á Hornströndum

Fiskirannsóknir, vatnshita- og seltumælingar 1999-2001

Ingi Rúnar Jónsson\*, Þorleifur Eiríksson\*\*, Hjalti Karlsson, Jóhannes Sturlaugsson\* og Sigurður Már Einarsson\*

\*Veiðimálastofnun, Vagnhöfða 7, 110 Reykjavík



\*\*Náttúrustofa Vestfjarða, Aðalstræti 21, 415 Bolungarvík

Haustið 2001 var farið í viðamiklar rannsóknir á lífríki Fljótavatns og vatnakerfis þess, en vatnshitamælingar höfðu þá verið í gangi þar um nokkurt skeið.

Fljótavatn í Fljótavík á Hornströndum er eitt af nyrstu vötnum landsins og flokkast sem sjávarlón vegna tengsla þess við sjó um Atlastaðaós. Flatarmál Fljótavatns og Atlastaðaóss er um 4 km<sup>2</sup>.




Fljótavatn á Hornströndum. Staðsetning hita- og seltusírita (°CS‰) í Fljótavatni og hitasírita í Reiddá (°C) er merkt inn á myndina. Ljósmynd: Hjalti Karlsson.



Vatnshiti Reiddár var mældur frá haustinu 1999. Hæst komst hitinn í rúmar 12 °C sumarið 2000 og í rúmlega 8 °C sumarið 2001. Hitinn var nærri 0 °C yfir veturinn, frá nóvember fram yfir miðjan apríl, en fór þá hækkandi.





Vatnshiti og selta voru mæld á tveimur stöðum í Fljótavatni frá haustinu 2000. Annar mælirinn var staðsettur nokkuð innan við Svíná, en hinn utar, á móts við Langanes. Áhrif innstreymis sjávar eru mismunandi eftir árstíðum. Að vetrinum er sjór sem streymir inn hlýrri en Fljótavatn, en að sumrinu er hann kaldari en Fljótavatn.

## Seiði úr Reiddá.



Seiðin í Reiddá voru af þremur aldurshópum (0+, 1+ og 2+) og voru 2,8 til 7,5 cm löng.

## Bleikja af tveimur stöðum í Fljótavatni; innarlega (Reiddá) og utarlega (Svíná).



Mikið veiddist af 30 til 40 cm fiski á báðum stöðvunum, en auk þess veiddist mikið af 10 til 16 cm fiski á innri stöðinni.

Áberandi mikill munur var í meðallengd þriggja og fjögurra ára bleikja, sem bendir til aukins vaxtar, líklega vegna sjávargöngu.

Þetta er í samræmi við hvaða aldurshópar fundust í Reiddá.

Niðurstöður benda til að Fljótavatn hafi jákvæð áhrif á stofnstærð bleikju á vatnasvæðinu. Áhrifin eru bæði vegna fæðuframboðs í vatninu og þess að lítil selta vatnsins gerir bleikjunni væntanlega kleift að dvelja lengur utan árinna ár hvert en ella væri

og jafnvel hafa þar vetursetu að einhverju leyti. Einnig er líklegt að lítil selta í vatninu geri bleikjuseiðum kleift að ganga niður í vatnið smærri og yngri en þau hefðu annars möguleika á, ef árnar rynnu í fullsaltan sjó.

## Þakkir

Hafsteinn H. Gunnarsson og Jón Friðrik Jóhannsson, Náttúrustofu Vestfjarða unnu við rannsóknina. Smári Karlsson og Ásgeir Sigurðsson aðstoðuðu við sýnatöku. Sumarhúsafélagið Atlastaðir fær þakkir fyrir afnot af bústað.

Afmælisráðstefna Líffræðifélagsins 2004

## Heimild

Ingi Rúnar Jónsson, Þorleifur Eiríksson, Hjalti Karlsson, Jóhannes Sturlaugsson og Sigurður Már Einarsson. 2004. Vatnakerfi Fljótavatns í Fljótavík á Hornströndum. Fiskirannsóknir, vatnshita og seltumælingar 1999-2001. Náttúrustofa Vestfjarða. NV nr. 14-04.